



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Málmsuðumaður, málmsuða

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

### Metal welder

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- þekkir helstu eiginleika og verkan efna sem notuð eru við málmsuðu og gerir sér grein fyrir mögulegum hættum sem notkun þeirra felur í sér og umhverfisáhrifum sem þau geta haft
- er fær um að vinna sjálfstætt eftir suðuferilslýsingu með pinna, MIG/MAG, TIG og logsuðu í öllum suðustöðum í kverk, plötu og rör, hefur öðlast þjálfun til að ná lágmarksafköstum starfandi suðumanna með þessum aðferðum og nægilegt öryggi í vinnubrögðum til að hann sé gjaldgengur á vinnumarkaði sem málmsuðumaður til almennra og sérhæfðra starfa
- þekkir suðutæki, meðferð þeirra og viðhald, honum eru ljós grundvallaratriði varðandi eðli málma og efnisfræði, suðuhæfni þeirra og áhrif suðu á málma
- hefur skilning og þekkingu á því hvaða suðuaðferðum ber að beita í hverju tilviki
- hefur þekkingu á grunnatriðum rafmagnsfræðinnar og hvernig rafmagn er notað við ljósbogasuðu
- þekkir stöðlun og flokkun suðuefnis, helstu gerðir þess, notkunarvið og meðhöndlun
- er vel heima í grundvallaratriðum gæðamála og gerir sér fulla grein fyrir ábyrgð suðumanna varðandi gæði og öryggi framleiðslunnar, og þekkir aðferðir og vinnubrögð við skoðun og prófun á suðum
- þekkir helstu Evrópu- og alþjóðastaðla um málmsuðu og kann að nýta sér þá við vinnu sína
- hefur tileinkað sér meginatriði heilsuverndar og öryggismála, þekkir örugg vinnubrögð á verkstæði sem og á byggingarstað eða vinnusvæði undir berum himni

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Málmsuðumenn starfa í fyrirtækjum þar sem málmsuða er notuð sem samsetningaraðferð. Þeir fást við almenn málmsuðustörf og sérhæfða málmsuðu þar sem krafist er hæfnisprófs. Þeir undirbúa suðustað með tilliti til umhverfis- og öryggisþátta og vinna eftir skilgreindum suðuferilslýsingum þar sem þess er krafist. Þeir undirbúa vinnslustykki s.s. plötur í skip, stálbita í stálgrindahús eða íhluti í vélbúnað fyrir suðu með því að sníða til samskeyti og hreinsa fleti. Þeir velja þá suðuaðferð sem hentar í hverju tilviki og sjóða loks saman með þeim gæðum sem krafist er hverju sinni. Rétt til starfa í málmsuðu hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í málmsuðu sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út. Fyrirtæki eða verkkaupar kunna að gera ítarlegri kröfur um hæfnipróf í málmsuðu en sveinsbréfið vottar.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfböðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

#### 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b>  Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b>  Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 2. þrep – EQF 3. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b>  1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar</b> Viðbótarnám til stúdentsprófs.	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

#### 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er tvö ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími samtals 72 vikur að próftíma meðtöldum.</p> <p><b>Inngönguskilyrði</b> Grunnskólapróf</p> <p><b>Viðbótarupplýsingar</b> Frekari upplýsingar er að finna á: <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p> <p><b>Upplýsingamiðstöð í landinu</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p>
---